



# Foröld

Provincial Library  
City

**HEY! H.**  
Sendið heitið ykkar til...  
kaupmannanna, og...  
einnig fjóta afgreidd...  
aðir á "hór" sendið þetta...  
Vér ábyrgjumst að gera yður á  
nægða.  
THE NORTHERN HAY CO.  
408 Chambers of Commerce  
Taleimí G. 2209. Natúralaleimí 8. 3247  
Winnipeg. Man.

II. AFGANGUR.

WINNIPEG, MANITOBA, 16. JANÚAR, 1920

NR. 44

## Óhjálkvæmlegt neyðarúrræði.

Allir vita hvernig stjórni landsins fór með útlendinga 1917. Nú er sagt að verið sé að semja þrúalög í Ottawa, sem þetta eigi við útlendinga, þar sem svifta megir þá atkvæðis- og borgararétti, þótt þeir hafi ekki gert fyrir sér annað en það að vera fæddir í sérstökum löndum. Þetta sýnir það að útlendingaofsóknirnar eiga að halda áfram. Af þessum ástæðum hefir verið ákveðið að stofna inn- og skammts blað, sem gefið verði út á ensku og heiti "The voice of the Foreigner". Verða í stjórn þess menn af öllum útlendum þjóð- brotum þessa lands; svo sem Svíar, Normenn, Danir, Íslendingar, Pó- verjar, Þjóðverjar, Austurríkismenn, Rússar, Ítalir, Frakkar, Gyð- ingar og fleiri. Á blaðið að verða til þess að skýra þýðingu og afstöðu útlendinga hér í landi, og halda uppi rétti hans á löglegan og sam- gjarnan hátt, og vera á verð, hvenær sem reynt verður að beita hann afriki eða órétti.

### BÆNDUR RÆNDIR AF STJÓRNINNI.

Stjórn landsins á að vera til þess að vernda hæg bændu ekki síð- ur en annara borgara. Hún hefir niðst á bændum í ár ekki síður en að undanförm. Hún neyddi þá til að selja hveiti sitt svo lágt, að auð- fælin (mylnufælin) gætu fengið það fyrir \$2.30, þegar hveiti var annarsstaðar selt fyrir \$1.00 meira. Þegar svo flestir bændur (allir fátækari bændur að minsta kosti) höfðu selt uppskeru sína fyrir hlið lága verð, setur stjórnin hveitið upp um 50 cent meirinu. Áð sjálf- söguð átti það að seljast 50 centum meira frá byrjun, og hafa því bændur verið rændir um 50 cent af hverjum mæli sem þeir seldu. Vill einhver rekna hversu mikil upphæð það er, sem stjórni hefir þannig rænt bændurna og látið í vasa auðfælaganna?

## MALAFERLIN INNAN TJALDBÚÐARSAFNAÐAR.

Eins og getið hefir verið um í íslensku blöðunum, en þó alt of lítið, hafa staðið yfir málafæri innan Tjaldbúðarsafnaðar út af sam- þykkt er söfnuðarinn gerði 15. maí s. l., að taka tilboði frá Fyrsta íslenska Unitarasöfnuði hér í bænum, um að mynda sameiginlegan söfnuð af Tjaldbúðar og Unitarasöfnuði. Nokkrir menn út Tjaldbúð- arsöfnuði voru þessu mótfallnir, og höfðu þeir áður reynt að fá söfn- uðinn til að ganga inn í Fyrsta lút, söfnuðinn íslenska, en það mis- tókst. Höfðuðu nú þessir menn mál á móti meiri hluta safnaðarinn og fulltrúum hans, og kröfust þess, að fulltrúarnir og þeir sem þeim fylgdu væru rekni úr söfnuðinum, en þeir (sækjendur) dæmdir að vera hinn rétti söfnuður og afhentar allar eignir hans. Málið kom fyrir rétt (Mathers dómara) 6. okt. s. l. Lögræðingur sækjenda var Hjalmar G. Bergmann og lögræðingur verjenda W. H. Trueman.

Bygðu sækjendur kröfur sínar á því, að safnaðarnefndin hefði brotið á móti 2. gr. stjórnskrár Tjaldbúðarsafnaðar, með því að sam- þykkja tilboð Unitarasafnaðarinn um sameiningu.

Héldu sækjendur því fast fram, að þeir hefðu haldið fast við trúargrundvöll Lútersku kirkjunnar og trúarjafningarnar 5, Næcu trúarjafninguna; Athanasíusar, postulalegu, Augsborgartrúarjaf- ning hina gömlu og óendurbættu, og Lúthers líla Katekismus, og var því haldið fram að jafningar þessar væru bindandi fyrir söfn- uðinn. Mun þetta koma nokkuð kynlega fyrir sjónir ýmsra, þegar þess er gætt, að séra F. J. Bergmann og Tjaldbúðarsöfnuður gekk úr kirkjufélaginu einmitt vegna þess að hann og söfnuðurinn vildu ekki viðurkenna að trúarjafningarnar væru bindandi.

Sýndu verjendur, að söfnuðurinn með þessari sameiginar sam- þykkt hefði ekki víkið frá frjáls trúarstefnu safnaðarinn, er séra F. J. Bergmann hafði haldið fram undanfandi ár, síðan söfn. gekk úr kirkjufélaginu 1909 — löngu fram þýdda kafla úr ritum hans, er sýndu andstæða skoðun á gildi trúarjafninganna, við það sem sækj- endur héldu fram; en nú er eigi tími né rúm til að segja sögu réttar- farsins, en verður máske reynt síðar.

Eftir langa bið, kemur dómsskjal frá Mathers dómara, 18. des. 1919. Í því er Tjaldbúðarfundurinn 15. maí s. l. lýstur ólögmætur til að afgreiða sameiningarmálið, vegna þess að í fundarboðinu hefði ekki verið sérstaklega tekið fram, að tilboð Unitarasafnaðarinn yrði tekið fyrir til afgreiðslu. Í öðru lagi tók hann fram, að atkv. á fund- inum er féllu með tilboði Unitarasafnaðarinn, hefði tæpast náð tveim þriðju þeirra er á fundinum voru, þar er sumir greiddu ekk atkvæði; dæmir því atkvæðagreiðsluna ógilda. Safnaðarnefndina viðurkennir hann rétt kosna og lögmæta, og eins réttmæta safnaðarlími, þá er hún hafði á þeim fundi tekið inn í söfnuðinn (12 manns) Dómurinn lýsir yfir því áliti sínu, að hinn framboðni sameiningargrundvöllur (viðauður og saminn af séra F. J. B.) væri ef eftir honum væri farið, frávikning frá trúarkennninga afstöðu Tjaldbúðarsafnaðar, eins og hún er skráð í grundvallarlögum hans; endar svo dómsskjalid á þessu: "Að dómur verði gefinn út, tilkynnandi: "að gerðir fundarinn við- vikjandi sameiningu 15. maí 1919, væru ólöglegar og ógildar, að full- komnun hinnar áminstu sameiningar myndu gera verjendur, og þá sem þeir eru fulltrúar fyrir, frávikninga frá trú safnaðarinn, eins og hún er sett fram í stjórnskránni, og þeir myndu með því missa eignarétt og tilkall sitt til eigna safnaðarinn. Bann, æfinlega varu- andi verjendum og þeirra félögum, frá að koma inni framboðni sameiningu í framkvæmd, eða að nota kirkjuna í þarfi hinna sam- einuðra safnaða. Sækjendum greiðist málskostnaður, að meðhöldum kostnaði við yfirheyrslu málsaðila utan réttar."

Samkvæmt þessum úrskurði, er enginn dæmduður úr söfnuðinum; aðeins bann gegn því að halda áfram við sameining safnaðanna.

Safnaðarnefndin hlýddi dómnum og var ekki haldið áfram með sameininguna. Lá nú ekkert annað fyrir en að selja kirkjueignina og láka skuldum er á vort fallnar og söfnuðinum var um megn að borga á annan hátt, ekki sýst þar sem lánfélag það, er hafði fyrsta veð í kirkjunni var byrjað á að reyna að ná löghaldi á eigninni til- ölu fyrir veðskuldinni. En sækjendur voru ekki ánægðir með þenn- an úrskurð dómarsins, og fóru til hans á ný á gamlársgagn og kröf- uð þess að safnaðarnefndin og meiri hlutinn, er fylgdi henni að mál- um væri rekinn úr söfnuðinum, eignin afhent sækjendum; verjendur dæmdu því að borga málskostnað. Var að heyrna á dómurinn um hann gæti naumast orðið við þessari bön, en nú er samt kominn nýr úrskurður (þýddur úrdáttur á öðrum stað í blaðinu), þar sem þetta er alt veitt sækjendum, og er sá dómur dagsettur 18. des; sama dag- setning og á fyrsta dómnum og sem var á aðra leið. Virðist oss sem þessi úrskurður sé þannig, að eigi liggi annað fyrir en að áfrýja málinu, en til þess þarf ærind fé, en verum þar það traust til íslenskrar alþýðu hér vestra, vinnu og fylgjenda séra F. Bergmanns og frjáls- lyndisneget, er að þeir skjóti saman nægu fé svo málinu verði áfrýj- að en skjótt þarf að breðga við þvi drengskapur þjóðarbrotsins hérna megin hafsins, biður hnekkir ef við þetta er látið staðar numið.

Vér finnum sárt til þeirrar óvörðingja á starfi séra F. J. Berg- mannens er síðast var pestur vor, sem sækjendur hafa sýnt í þessu máli, "Heggru sá er hlifa skyldi", mun mörgum koma til hugar.

Vér erum vissir um að margir munu finna til þess sama og vér. Samskot til styrktar málstað verjenda, má senda til Sveinbjarnar Gíslasonar (forseta Tjaldbúðarsafnaðar) 706 Home Str., Winnipeg.

Nú er eigi tími til að ræða málið frekar. Nánar síðar.

Safnaðarnefndin

(Verjendur)

## TJALDBÚÐAR-DOMURINN.

1. Rétturinn lýsir því yfir, að Tjaldbúðarsöfnuður hefir sundrast samkvæmt 11. gerin safnaðarlögganna, og að kærndur og þeir aðrir meðlimir safnaðarinn, er þeim fylgja að málum, hafi ávalt haldið fast við safnaðar lögin og haldi ennþá fast við þau; og að þeir séu því hinn rétti og lögmæti Tjaldbúðarsöfnuður.
2. Rétturinn lýsir einnig yfir því, að verjendur og allir þeir, er þeim fylgdu að málum, og áttu þátt í að koma til leiðar sameining Tjaldbúðarsafnaðar og Fyrsta íslenska Unitarasafnaðarinn í Winni- peg, sem á er minst í kærnskjalinu, hafi fallið frá trú safnaðarinn, er fram er tekið í grundvallarlögnum og jafningarritum hans og séu því ekki meðlimir safnaðarinn og hafi fyrirgeitt öllum rétti og tilkalli til eigna safnaðarinn.
3. Rétturinn lýsir ennfrems yfir því að nefndir kærndur séu löglega kosnið fulltrúar safnaðarinn og að þeim beri að fá tafarlaust umráð yfir kirkjueigninni. Nákvæmari lýsing á eignum er tekin fram í dómnum.)
4. Rétturinn ákveður og segir svo fyrir, að verjendur, hver ein- stakur þeirra og allir sameiginlega, fylgismenn þeirra, þjónar og um- boðsmenn skuli aldrei framvegis neim afskipti hafa af gerðum kærnda í sambandi við óhindruð afnot þeirra af og eignarhaldi og umráð yfir kirkjueign, bókum og skjölum safnaðarinn.
5. Rétturinn ákveður einnig og segir svo fyrir, að verjendur af- hendi kærndum þegar í stað kirkjulyklana, kirkjuna og bækur og skjöl safnaðarinn.
6. Rétturinn ákveður ennfrems og segir svo fyrir, að verjendur greiði kærndum málskostnað þeirra, að meðhöldum kostnaði við yfirheyrslu málsaðila utan réttar, undir eins og hann hefir verið met- inn.

Dómurinn staðfestur 12. janúar 1920.

Kærndur voru:

Sigfús Anderson, Ólafur S. Thorgeirsson, Carl Anderson, Linda J. Hallgrímsson og Guðmundur A. Axford, sem fulltrúar Tjaldbúðar- safnaðar og einnig sem einstaklingar fyrir sína eigin hönd og fyrir aðra.

Verjendur voru:

Sveinbjörn Gíslason, Kristján Kristjánsson, Eiríkur Sumarliða- son, Eiríkur Thorbergsson og Guðmundur Magnússon og allir aðrir, er þeim fylgja að málum.

## Mikilsmetnir vitfiringar

McKENZIE KING OG HALDANE LAVARDUR

Heimskringla og Lögborg halda því fram, að það séu vitfiringar einir og þjálfar sem haldi því fram, að bændur og verkamenn og frjálslyndir menn geti átt leiðir saman. Þau halda því bæði fram, að þessir flokkar hljóti að vera og verða andstæðingar. Lögborgs- ritstjórnin skrifaði langa "mæð" um þetta efni nýlega, og Heimsk- maðurinn hefir jafnað á því hvað eftir annað. Engin nema pólitísk- ur bjáni, segja þau hjónatötrin, að geti látið sér samvinnu þessara flokka til hugar koma. Voröld hefir haldið fram hinu gagnstæða, og sömuleiðis mörg ensk blöð og rit, t. d. "The Statesman", "The Nation", "The Canadian Nation" og fleiri.

Nú hafa komið fram opinberlega tveir vitfirringar með sömu bráðeðiskenningu. McKenzie King leiðtogi frjálslyndra manna, flutti það í vikunni sem leið og sagði þau orð sem hér fara á eftir:

"Breytingarnar eru auðsájar og óhjálkvæmlegar; þær eru góðar gestir og æskilegir. Skiftingin er og hlýtur að verða aðeins ein. Ann- ars vegar alt átturhald og hins ágar öll framsöku. Frjálslyndi flokkurinn hefir þau aðaleinkenni að þroskast í stefnu og starfsemi — þroskast eins og heibrigður einstaklingur. Verkamannaflokkurinn hefir sérstaka stefnuskrá; bændaflokkurinn hefir aðra sérstaka stefnu skrá. En þegar þær eru báðar skoðaðar ofan í kjöllinn, þá kemur það í ljós, að grundvöllurinn er sá sami, stefnan er í raun réttari sú sama, og í stefnu frjálslynda flokksins er það flest sem hinn báðir hafa. Frjálslyndu öflin eru öll — og segi öll — í þessum þremur flokkum, þeir eiga og verða að vinna saman og þá er sigur vis. Innan frjáls- lynda flokksins hafa verið menn sem svikið höfðu; bændaflokkurinn hefir einnig átt slíka menn og eg held að sama megi segja um verka- mannaflokkinn. En yfir höfuð að tala, stefna þessara flokka er sú sama og aðalatriðið er að skilja sauðina frá höfrunum og hinir trúu menn allra flokkanna vinna saman."

Þetta er aðins lítil hluti þess er McKenzie King sagði, en eftir dómi Heimsk og Lögborgs er þetta greinileg sönnun þess, að hann er vitfiringur.

Annar vitfiringurinn kom fram á Englandi á miðvikudaginn, það er Haldane Lavardur. Þetta er meðal annars það sem hann sagði:

"Frjálslyndi flokkurinn og verkamenn verða að vinna saman, samsteypustjórnin er óvinsæl, en örugasta ráðið til þess að fella hana og losna við átturhaldið, er að verkamenn og frjálslyndir sam- einist; ekki ef til vill í einum flokki, en í samvinnu við kosningarnar. Hugsjónir verkamanna og vorar eru þær sömu; því skyldu þeir ekki berjast saman gegn sameiginlegum óvini? Þeir eiga að verða banda- menn, og sú er spá mín, að þannig verði." Þetta hlýtur hjónunum að "finnst eitthvað svo ánalegt, svo einkenilegt og svo bjánalegt," eins og Einar Hjörleifsson kemst að orði. En eitt er víst og það er það, að ritstjóri Voraldar telur sér það ekki sérlega mikla vanvirðu að vera settur á bekk með þessum mönnum, að skoðunum til.

## Glaðar stundir.

"Þetta var sannarlega glöð stund", sagði fólkid þegar það kvadd ist um nóttina milli þess 3. og 4. janúar að Þingeyri í Geysibygðinni.

Um fimftu manns höfðu safnast þar saman um kveldið úr öllum áttum í nágrenninu og komið heimilisfólkinu á gætt. Þegar fylking- in kom, leit helzt út fyrir að það væri herdeild með eitthvert heljar- orustubákn í förinni, en þegar að húsinu kom, sást að það var hljóð- færi; var það borið inn í stofu og gerði aðkomufólkid sig þegar heimakomið í meira lagi; tók alt sem hönd á festi og sló stundareign á hús og heimili. Karlmennt röðuðu sætum unhveris borð og gerðust "ófeimnir í framgangi," eins og sagt er um Göngu Hrólfi og drengi hans, en komur tóku til kaffihitunar og matreiðslu.

Tílefi þessarar heimsóknar var það að ungrú Soffia Guðmunds- son, stjúp dóttir húsráðandans Þorsteins Sigurðssonar, og dóttir konu hans frá Margrétar, var nýkomin heim frá Evrópu, þar sem hún hafði bundið sár og líknað sjúkum á stríðsárunum þar eystra.

Þegar kyrd var á komin og fylkingum skipað, stóð upp Jón bóndi Pálsson í Geysibygð og kvadd sér hljóðs. Kvadd hann fólk þetta þangað komið til þess að fagna heimkomu hinnar dugandi og vinsælu hjúkr- unarkonu ungrú Soffiu, og tækju þátt í þeim fögnuði konu sem mean, jafnt ungir sem aldraðir. Hann kvadd þess viss, að þakkrir margra foreldra leituðu til hennar fyrir þá líkn er hún hefði veitt öllum er hún náði til á tímum sorganna og sáranna. Hann afhenti henni þyngju með 33 dölum og lét þau ummelli fygja að hún skyldi kaupa fyrir þá hring og bera hann jafnan sem merki þess að þakkr- læti byggðarúa — yngri og eldri — ætti engan enda fremur en hring- urinn.

Þá stóð upp Jón Skúlasen og ávarpaði gestina. Kvadd hann heið- urgestinn hafa unnið sér heiður og þjóðinni söma með framkomu sinni og dugnaði og væri skylt að minnast þess.

Ungrú Sigurðsson þakkaði gjöfina með fáum orðum en fögrum og móðir hennar flutti það til þakkar og viðurkenningar, — er hún gáfú kona, skáldmælt og skóruleg. — Ungfrú Soffia Guðmundsson fékk mikið orð á sig fyrir dugnað, samvirkusemi og óserþægni í hermun, og er það sannarlegt fagnaðarefni þegar slíkt fólk er úr elju heimt; á hún það ófæð eftir, ef henni endist aldur, að líkna mörgum í framtíðinni.

Að ræðum loknum og setinni veizlu, var staðið upp frá borðum og tekið að skemta sér; var leikið á hljóðfæri, sungnið íslenskir söngvar og spilað fram til kl. 3 um nóttina.

Segja það allir einróma er viðsetadur voru, að þessi stund hafi verið ein sú sannglaðasta er þeir minnst og brendist það djúpt inn í sálir manna að : fátt er svo glatt sem góðra vina fundur. Vinur.

## Fatnaður og yfirhafnir

ÞÉR SPARIÐ \$10.00 Á FATNAÐINUM YÐAR OG YFIR HÖFNUNUM, MEÐ ÞVI AÐ KAUPA ÞAÐ Í BÖÐINNÍ UPPÍ Á LOFTI, MEÐ VERÐINU SEM ÞAR ER.



Robinsons Clothes Shops, Ltd.

264 Portage Av. Jppi yfir 5-10-15 centa bóðinní